

27. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 12. desember 2014 kl. 9:40 við Norðurgötu

Mættir: Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Berglind Hrönn Hlynsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi stjórnar foreldrafélagsins, Sigríður Salmannsdóttir fyrir hönd starfsmanna, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, tveir fulltrúar nemenda, þau Haukur Orri Kristjánsson og Hulda Ellý Jónsdóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt samhljóða

2. Bókun skólaráðs

Bókun skólaráðs um næringargildi máltíða í mötuneytum Grunnskóla Fjallabyggðar frá fundi sínum 28. nóvember lesin upp og yfirfarin.

Bókunin er svohljóðandi:

Skólaráð Grunnskóla Fjallabyggðar beinir því til fræðsluyfirvalda í Fjallabyggð að fá næringarfræðing til að taka út matseðla skólamötuneyta Grunnskóla Fjallabyggðar, frá hausti 2014. Tilgangur úttektar væri að skoða hvort matseðlar standist opinberar kröfur sem gerðar eru til skólamáltíða. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla er *heilbrigði* tiltekinn sem einn af grunnþáttum menntunar og skólinn stuðlar á margvíslegan hátt að hreysti og heilbrigði nemenda og starfsfólks. Liður í því er að bjóða upp á holl ar og fjölbreyttar skólamáltíðir.

3. Skólapúlsinn

Kynning á niðurstöðum nemendakönnunar Skólapúlssins sem lögð var fyrir nemendum um miðjan október. Umræður urðu um einstaka þætti.

4. Foreldrafundur í febrúar

Á skóladagatali er settur opinn foreldrafundur miðvikudaginn 4. febrúar í Tjarnarborg. Ræddar hugmyndir af deginum og var skólastjóri með kostnaðartölur vegna hugsanlegra fyrirlestra Sigríðar Daggar kynfræðings. Ljóst er að skólinn þarf að leita leiða til að fjármagna fyrirlestrana og á fundinum var ákveðið að kanna með aðkomu félagsmiðstöðvarinnar Neon að þeirri fjármögnun.

5. Önnur mál

- litlu jól skólans framundan og allt skipulag er klárt til að þau geti farið fram
- rætt um árgjald foreldrafélagsins og nauðsyn þess að félagið innheimti þau gjöld
- ákveðið að hafa næsta fund skólaráðs föstudaginn 16. Janúar 2015

Fundi slitið kl. 11:00

Guðrún Unnsteinsdóttir